

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Klúbbinn Strók, nr. 993/2005.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Aðalmarkmið Klúbbsins Stróks er að starfrækja virknimiðstöð fyrir fólk með geðraskanir og/eða þá sem búa við félagslega einangrun. Tilgangurinn með virknimiðstöðinni er að auka tengsl fólks og efla einstaklinginn til sjálfshjálpar, stuðla að virkni og endurkomu út á vinnumarkað, fyrirbyggja innlagnir og brjóta niður fordóma. Einnig að vera stuðningur við heilbrigðis- og félagskerfið þar sem áhersla er lögð á að fólk í bata sæki þjónustu Stróks.

Til þess að stofnunin geti náð megintilgangi sínum er stjórn stofnunarinnar heimilt fyrir hönd hennar að eiga samstarf við aðra aðila og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Klúbbinn Strók staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 18. desember 2023,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.